

Nd.

331. Nefndarálit

[65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meginefni frv. á þskj. 71 er að fella úr gildi skyldu skattstjóra til þess að ákvarða mönnum, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, laun svipuð því, sem þeir mundu hafa fengið væru þeir launþegar í sambærilegu starfi hjá öðrum. Sams konar tillaga var flutt í Nd. á síðasta þingi, en felld með miklum atkvæðamun.

Rökstuðningur flutningsmanna fyrir endurflutningi málsins nú virðist einna helst vera sá, að í fyrsta lag hafi margir þeirra, sem voru skattlagðir á s. l. sumri með

stoð í þessum heimildum, mótmælt álagningunni, og í því sambandi er sérstaklega vitnað til mótmæla 2000 bænda. Í annan stað er vitnað til þess sem röksemda fyrir afnámi 59. gr. laga nr. 40/1978, að ríkisskattstjóri hafi sett almennar viðmiðunarreglur um áætlaðar tekjur manna, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri. Þriðja röksemdin, sem fram hefur komið, lýtur að ýmsum framkvæmdaatriðum, svo sem því, að misjafn háttur hafi verið á hafður um álagningu í einstökum skattumdæmum: sums staðar hafi viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra verið fylgt, en annars staðar ekki, og framteljendum hafi ekki verið gefinn kostur á að skýra tekjuniðurstöður framtala sinna áður en áætlunarniðurstöðum hafi verið beitt af skattstjórum.

Af þessum þriðættu röksemdum er aðeins einn þáttur marktækur að áliti 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar — sá síðasti. Rétt er, að nokkrir framkvæmdamisbrestir urðu í álagningu skv. ákvæðum 59. gr. nú í sumar — m. a. þeir sem að framan er gælið. Ríkisskattstjóri gaf hins vegar fullnægjandi skýringar á þeim atriðum á fundi nefndarinnar, sem sé hversu öll álagningarvinna var eindæma seint á ferðinni, m. a. sökum þess, hve lengi dróst að afgreiða umfangsmiklar breytingar á lögunum á síðasta Alþingi. Að áliti ríkisskattstjóra ber því ekki af þessum ástæðum að líta svo á, að nokkur viðhlítandi reynsla hafi fengist af umræddum ákvæðum skattalaga við álagninguna í sumar sem réttlætti að þau ákvæði verði afnumin. Hlýtur sú niðurstaða ríkisskattstjóra að teljast rökrétt.

Fyrri röksemdaþættirnir tveir fyrir afnámi 59. gr. laganna eru hins vegar út í hött. Fráleitt er annað en að settar séu almennar viðmiðunarreglur um áætlaðar tekjur manna, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, sem teljast eiga nærri því sem þeir mundu hafa haft sem launþegar hjá öðrum. Væru slíkar almennar viðmiðunarreglur ekki settar er hætt við að tekjuáætlanir yrðu geðþóttaákvæðanir einstakra skattstjóra og álagningin öll í skötulíki. Því má bæta við, að ekki verður annað sagt en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra fyrir tekjuárið 1979 um tekjufjárhæðir séu vægast sagt mjög hóflegar.

Þá eru það eigi heldur rök fyrir afnámi 59. gr. laganna þótt þeir, sem nú þurfa í fyrsta sinn að greiða skatta af tekjum líkt og þægju þeir laun hjá öðrum en sjálfum sér, uní slíku ekki vel. Mergurinn málsins er auðvitað sá, hvort skattgjöld þeirra séu á einhvern hátt óeðlilega há miðað við skattgjöld annarra þjóðfélagsþópa. Engar upplýsingar liggja fyrir um að svo sé. Sérstök fyrirspurn hefur verið flutt á Alþingi um álagningarmál eins þessa hóps, bænda, sem nú verður í fyrsta sinn að una því, að á hann séu lögð gjöld skv. áætlunum um tekjur hvers einstaklings í hópnun, sem næst því sem þeir mundu líklega fá í laun þægju þeir launagreiðslur hjá öðrum en sjálfum sér. Fyrirspurninni hefur enn ekki verið svarað. Ekkert er því í rauninni um þetta vitað annað en það, að framteljandi, sem hefur tekjur af eigin atvinnurekstri, hafi nú í fyrsta sinn þurft að greiða skatta samkv. venjulegum launaviðmiðunum annarra framteljenda í sambærilegum störfum, sem þiggja laun hjá öðrum en sjálfum sér. Á mótmælum við slíku er ekki hægt að byggja afnám umræddra lagaákvæða, þegar ekkert meira er um niðurstöðuna vitað.

Það hefur verið á stefnuskrá Alþýðuflokksins í skattamálum, að aðskilja skuli atvinnurekstur manna og einkabúskap þeirra, sem og að gengið skuli út frá þeirri almennu viðmiðunarreglu, að framteljendur, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, skuli tvímælaust bera álíka þunga byrði af sameiginlegum útgjöldum þjóðarinnar og þeir landsmenn í sambærilegum störfum sem vinna hjá öðrum en sjálfum sér. Alþýðuflokkurinn styður því það almenna viðhorf, sem fram kemur m. a. í 59. gr. laga nr. 40/1978, og telur, að það væri stórt skref aftur á bak ef frá þeim reglum væri horfið. Auðvitað er sjálfsagt að taka framkvæmd þeirrar meginreglu, sem í 59. gr. felst, til skoðunar í samræmi við fengna reynslu af framkvæmd við eðlilegar aðstæður, og er Alþýðuflokkurinn reiðubúinn til slíks. Sú reynsla við eðlilegar aðstæður hefur alls ekki fengist af framkvæmdinni í sumar, sem öll var í skötulíki, en mun væntanlega fást við næstu álagningu. Þá fyrst, en fyrr ekki, er tímabært að taka málið til skoðunar, en þar til svo verður er hvorki rétt að leggja til afnám 59. greinar-

innar, eins og sjálfstæðismenn gera í tillögu sinni, né gera því skóna að afnema eigi efni greinarinnar eða breyta efnisinnihaldi hennar verulega, eins og stjórnarsinnar í fjárhags- og viðskiptanefnd gera með því að leggja til að frv. á þskj. 71 verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Efnisleg afstaða 3. minni hl. nefndarinnar til málsins við þessar aðstæður er að leggja til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1980.

Sighvatur Björgvinsson.